

Fundargerð

40. fundur erfðanefndar landbúnaðarins
Haldin á TEAMS 18. ágúst 2022 kl: 11:00 – 12:15

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Leó Alexander Guðmundsson (LAG), Járngerður Grétarsdóttir (JG), Steinunn Garðarsdóttir (SG). Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) boðaði forföll.

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund.

1. Samþykkt dagskrá
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Umsögn um innflutning á frjóeggjum hæsnastofnum „Barred Plymouth Rock“ og „Rhode Island Red“ frá Noregi. Umræður fóru fram um innflutning þessara hæsnakynja.
Afgreiðsla: BKB falið að gera uppkast að svari til umsækjanda og óska eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaðan innflutning.
3. Umsókn um styrk til kaupa á hrútum með verndandi arfgerð gagnvart riðu frá Búnaðarsamtökum Vesturlands og Kynbótastöð ehf.
Afgreiðsla: samkvæmt verklagi nefndarinnar er auglýst eftir styrkumsóknum einu sinni á ári og er úthlutun í maí. Þar sem umsóknin barst utan hefðbundins umsóknarfrests tók nefndin ekki afstöðu til málsins en hvetur umsækjendur til að sækja um styrk á næsta ári.
4. Lokaskýrsla verkefnis *Genotyping barley resources – a foundation for future breeding* barst nefndinni
Afgreiðsla: Lokaskýrsla samþykkt og gengið verður frá lokagreiðslu styrks.
5. Önnur mál
 - a. HR ræddi um stöðu umsóknar Þorleifs Ágústssonar um leyfi til innflutnings á þorskhrögnum. Nefndin sendi umsögn þann 21. janúar 2021 og óskaði eftir að ráðherra skæri úr um hvort nefndinni bæri að taka afstöðu til umsóknarinnar. Ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu.

Fundi slitið